

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 27.11.2024
UST202401-227/S.M.
08.09.02

Efni: Samþykkt uppfærsla á úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. ágúst 2024, þar sem fram kom stofnunin óskaði eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð hafa verið í eftirliti. Þann 16. september 2024 barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.14 í eldra starfsleyfi sett fram 6. nóvember 2017. Gjallsand skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými. Að sögn rekstraraðila er nú um 1200-1500 tonn til geymslu að Vogatungu og um 2000 tonn á verksmiðjusvæðinu. Gámar sem innihalda saltköku á lóð verksmiðjunnar hafa orðið fyrir veðrun og því hætta á mengun í jarðveg auk þess sem varanleg geymsla er óheimil. **Rekstraraðili hefur fest kaup á lóðinni að Klafastaðavegi 6 þar sem saltkaka er geymd í gámum. Verið er að yfirfara gáma, skipta út ónýtum gámum, hreinsa jarðveg og malbika lóðina. Verið er að vinna í aukinni afkastagetu við vinnslu saltköku og er í forgangi að endurvinna efni í gámunum og fjarlægja gámastæðuna.**
2. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 22. janúar 2018. Í mælingu sem fór fram þann 23. október sl. er styrkur vetnisflúoríðs 17,9 mg/Nm³ í útblæstri en losunarmörk eru 2,5 mg/Nm³. Samkvæmt bréfi sem rekstraraðili sendi þann 13. desember sl. var verið að bræða álflök. Rekstraraðili hyggst bæta við kalkstein í vinnsluferlið til að draga úr myndun vetnisflúoríðs. **Beðið er eftir mælingum til að staðfesta virkni úrbóta.**
3. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 14. júní 2019. Í nýjustu mælingu í útblæstri sem framkvæmd var í apríl er vetnisflúoríð aftur yfir mörkum. Rekstraraðili hefur sent inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar og pantað aðra mælingu til að sannreyna virkni úrbóta. **Beðið er eftir mælingum til að staðfesta virkni úrbóta.**
4. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 8. september 2021. Styrkur vetnisflúoríðs mældist yfir starfsleyfismörkum í útblástursmæingum 2020 og 2021.

Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm³ í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm³ í september 2021. Starfsleyfismörkin fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm³. **Beðið er eftir mælingum til að staðfesta virkni úrbóta.**

5. Gr. 3.5 í núgildandi starfsleyfi sett fram 22. desember 2022. Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ítrekuð rykmengun er um báðar innkeyrsludyr á suðurhlið verksmiðjuhússins. **Verið er að vinna í breytingum innanhúss, m.a. færa þurrferil verksmiðjunnar til að draga úr ryklosun um útkeyrsludyr.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur